



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

5. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 29. október 2019 kl. 17 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Gestur fundarins var Grímur Jónsson verktaki og byggingastjóri. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Verkstaða. Farið var yfir verkstöðu. Verkið gengur vel og eftir áætlun. Ekkert stórvægilegt hefur komið uppá og undirverktakar skilað sínum verkum í tíma. Seinkun um nokkra daga verður á uppsetningu öryggiskerfa vegna tímabundinna anna hjá verktaka. Áætlað er að afhenda Þjóðminjasafni Íslands nyrðri sal skemmunar mánudaginn 4. nóvember. Þá tekur við vinna við að standsetja syðri sal skemmunar, lýkur því í nóvember og verður þá hægt að flytja þangað muni Mundakotsskemmu og Byggðasafns Ölfuss.

2. Fjárhagsleg staða framkvæmda. Safnstjóri lagði fram gögn um fjárhagslega stöðu framkvæmda í dag og áætlun um niðurstöðu þessa fyrsta hluta framkvæmda að Búðarstíg 22. Endanlega niðurstaða er áætluð 48,1 milljónir króna. Í þeirri tölu er vinna við þak miðrymis og veggs milli miðrymis og skemmunar.

3. Framhald framkvæmda. Ræddar voru niðurstöður Héraðsnefndar Árnesinga frá fundi 15. október 2019. Þar var samþykkt að heimila framkvæmdir og lántökur árið 2020 vegna framkvæmda við miðrymi, norðurrými og skrifstofuhús í samræmi við kostnaðaráætlun Húseyjar ehf um væntanlegan kostnað við verkið. Framkvæmdir hæfust í mars eða apríl 2020. Vetrarmánuðirnir verða notaðir í að hanna það sem eftir er og panta efni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.

Árni Eiríksson
Eyþór H. Ólafsson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson
Grímur Jónsson